

# Úttekt á þróunarverkefni Kvennaskólans í Reykjavík 2008 - 2010

Skýrsla unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Hitt og Þetta ehf.

Jón Bergsson

Guðrún Helga Sederholm

Kópavogur, 28. maí 2010

Skýrsla unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið

 Hitt og Petta ehf

Ráðgjafapjónusta

Víðigrund 61, 200 Kópavogur

Sími 5544873 – 8645622

Kt. 560896 – 2989

[www.hittog.com](http://www.hittog.com)

## Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum úttektar.....	4
Þróunarverkefni Kvennaskólans í Reykjavík 2008 – 2010 .....	6
Markmið og umfang úttektar á þróunarverkefni Kvennaskólans .....	8
Framkvæmd úttektar .....	9
Niðurstöður úr viðtölum við þátttakendur .....	10
Kennarar og aðrir en nemendur.....	10
Nemendur í 1.bekk Kvennaskólans .....	15
Áherslupættir varðandi meginmarkmið verkefnisins.....	18
Kennarar, nemendur og aðrir.....	18
Rýni þróunarverkefnis .....	21
Verkefnisskjölun, framvinda og stjórnun .....	21
Samningar og skýrslur .....	22
Útfærsla nýrrar framhaldsskólalögunar .....	23
Uppsetning brauta með tilliti til viðmiða og sniðmáts ráðuneytisins .....	24
Útfærsla áfangalýsinga.....	24
Áfangalýsingar sem nýst geta öðrum skólum .....	26
Framsetning lykilhæfni í áföngum, á námsbrautum og í öllu skólastarfi .....	26
Innleiðing kennslu skv. nýjum framhaldsskólalögum með sveigjanlegum þriggja til fjögurra ára námstíma.....	28
Hvernig hefur tekist til með fyrsta árið og undirbúning fyrir næsta? .....	28
Kynning á nýju kerfi .....	29
Viðauki 1.....	30
Viðauki 2.....	33

## Samantekt á niðurstöðum úttektar

**Staðan.** Verkefnið er stórt og mjög flókið og því mikilvægt að halda utanum alla þætti þess til þess að forða nemendum frá því að lenda í vanda.

Kennsluhættir og nýtt námsmat. Vinnan við þetta tvennt fer að mestu fram á starfsdögum vorið 2010.

Feining. Nokkuð mikil vinna eftir við að þróa aðferðir til að meta vinnuframlag nemenda.

Uppsetning brauta með tilliti til viðmiða og sniðmáts ráðuneytisins. Ekki verður annað séð en að Kvennaskólinn hafi leyst þetta verkefni vel af hendi.

Útfærsla áfangalýsinga. Þær áfangalýsingar sem skoðaðar voru virðast í ágætu samræmi við sniðmát ráðuneytisins um þekkingu, leikni og hæfni en þó er ekki hægt að meta þetta fyllilega fyrir en sniðmát allra greina liggja fyrir.

Áfangalýsingar sem nýst geta öðrum skólum. Kvennaskólinn hefur kynnt verkefnið ötullega fyrir öðrum skólum en leggur áherslu á að hver skóli verði að finna sínar áherslur og útfærslur með tilliti til sérstöðu. Með þessum fyrirvara verður ekki annað séð en að áfangalýsingar Kvennaskólans geti nýst öðrum skólum.

Framsetning lykilhæfni í áföngum, á námsbrautum og í öllu skólastarfinu. Mat skólameistara og verkefnisstjóra er að náðst hafi að gera hinum átta lykilhæfnipáttum skil í heildarskipulagi á öllum námsbrautum við upphaf haustannar 2009. Þetta var ekki stutt með tiltækum gögnum og því ekki hægt að staðfesta í þessari úttekt.

Fimm grunnþættir, læsi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf. Skólinn er að taka fyrstu skrefin samkvæmt skýrslu frá 15. febrúar 2010 til að bregðast við innleiðingu þessara þátta. Í sömu skýrslu er einnig tekið fram að endurskoða þurfi brautirnar með tilliti til lykilhæfnipáttanna.

Lítið svigrúm til að skoða nýja hugmyndafræði. Úttektaraðilum virðist lítið svigrúm hafa gefist til að skoða nýja hugmyndafræði varðandi hina fimm grunnþætti og átta lykilhæfnipætti. Að sögn skólameistara er þetta á dagskrá árið 2010.

Innleiðing kennsku skv. nýjum framhaldsskólalögum með sveigjanlegum þriggja til fjögurra ára námstíma. Kvennaskólinn býður uppá sveigjanlegan námstíma til stúdentsprófs. Tilhögun

## Hitt og þetta ehf.

námsefnis á fjórða ári er ekki ljós ennþá og nemendur átta sig illa á hvernig það námsár á að nýtast þeim en líst vel á að geta valið greinar af öðrum námsbrautum til að víkka sjóndeildarhringinn ef það verður í boði. Sveigjanleikinn er nokkuð óljós ennþá.

Ekki er hægt að segja að búið sé að innleiða kennslu skv. nýjum framhaldsskólalögum því enn á eftir að skilgreina breytta kennsluhætti og námsmat. Mikil og dýrmæt undirbúningsvinna hefur verið unnin á skömmum tíma.

Fyrsta árið og undirbúningur fyrir það næsta. Starfsfólk Kvennaskólans virðist hafa tekist á við verkefnið af einurð. Nemendahópur skólans er tiltölulega einsleitur og virðist hafa tekið breytingunum nokkuð vel. Undirbúningi undir annað og þriðja ár er lokið með þeim fyrirvörum sem nefndir voru hér að framan. Aðeins var búið að kenna nýjum árgangi í eina og hálfu önn þegar úttæktin átti sér stað og ýmis námskrárvinna er óunnin, svo ekki er hægt að meta nú að hve miklu leyti námið hafi í raun breyst.

Viðmælendur í hópi kennara skólans þreyttust aldrei á að taka fram mikilvægi þess að allir skólar færu í gegnum vinnu- og lærdómsferlið til að skilja hugmyndafræðina og temja sér þá hugsun sem felst í nýjum framhaldsskólalögum.

**Árangur.** Þróunarvinnan er í fullum gangi í Kvennaskólanum. Staðfest var í viðtölum að ný hugmyndafræði og vinnan sem fór í að tileinka sér hana ruddi brautina fyrir nýrri hugsun og hindraði að stuðst væri við gamalt verklag nema að litlu leyti. Samvinna kennara hefur styrkst með verkefninu og fagvitund aukist. Kennarar hafa meira svigrúm varðandi mótun kennslu og námsefnis en áður. Stefna skólans varðandi stúdentspróf hefur verið mörkuð.

## Þróunarverkefni Kvennaskólans í Reykjavík 2008 – 2010

Þegar ný lög um framhaldsskóla voru væntanleg árið 2008 sótti Kvennaskólinn í Reykjavík þegar í mars 2008 um styrk í þróunarsjóð framhaldsskóla til þróunarverkefnisins „Skólanámsskrá Kvennaskólans í Reykjavík aðlöguð nýjum lögum“ (viðauki 1, 1). Umsóknin er ítrekuð 1. september 2008, og eftir jákvætt svar frá ráðuneytinu dags. 23. september 2008 er undirritaður samningur um þróunarverkefni 4. desember 2008 (viðauki 1, 4). Verkefnið heitir „Aðlögun skólanámsskrár að nýjum lögum um framhaldsskóla“, og er markmið og framgangur verkefnisins skilgreindur eins og í umsókninni frá 1. september:

Framkvæmd og tímaáætlun:

1. Grunnstefna stjórnenda mótuð, kynnt starfsfólki skólans og rædd (maí 2008)
2. Greining nauðsynlegra breytinga í ljósi nýrra laga. Greining tækifæra skólans og æskilegra breytinga í ljósi nýrra laga (júní 2008)
3. Kynning og samráð um breytingar (haust 2008)
4. Skipulagning námsbrauta (2008-2009)
5. Gerð nýrra áfanganalýsinga og tenging við nýtt einingakerfi (2008-2009)
6. Endurskoðun almenna hluta skólanámsskrárinnar (2008-2009)
7. Lokatillaga kynnt starfsfólki og menntamálaráðuneyti (apríl 2009)

Þessu verkefni skyldi að fullu lokið 30. júní 2009.

10. mars 2009 sækir Kvennaskólinn aftur um styrk í þróunarsjóð framhaldsskóla til „áframhaldandi þróunarstarfs í tengslum við innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla“ (viðauki 1, 5). Styrknum er ætlað að mæta kostnaði við eftirtalda verkþætti:

1. Allar kennslugreinar skólans verði settar í sniðmátið
2. Gerð nýrra áfanganalýsinga í samræmi við sniðmátið
3. Þróað verði nýtt launakerfi kennara sem taki mið af nýjum einingum, breyttri kennsluskyldu og lengingu skólaársins
4. Samningagerð við kennara
5. Samþætting við eldra kerfi, hvernig rekum við tvö kerfi saman tímabundið
6. Allt unnið sumarið 2009

30. október 2009 er gerður samningur milli Kvennaskólans og ráðuneytisins um þróunarverkefni undir heitinu „Gerð áfangalýsinga og sniðmáta ásamt þrepavinnu“. Markmið og skilgreining á verkefnum er þannig:

1. Gera á sniðmát fyrir allar kennslugreinar skólans.
2. Nýjar áfangalýsingar verða gerðar í samræmi við sniðmátið fyrir alla áfanga sem kenndir eru í kjarna á brautum skólans.
3. Nýjar áfangalýsingar verða gerðar í samræmi við sniðmátið fyrir valáfanga sem í boði verða á 1. og 2. ári til að byrja með.

Verkefnið stendur yfir skólaárið 2009 – 2010, og skal ráðuneytinu berast skýrsla um framgang verkefnis eigi síðar en 30. júní 2010 nema um annað sé samið (viðauki 1, 9).

Í desember 2009 óskar ráðuneytið eftir stuttri skýrslu um framgang og stöðu þróunarverkefnisins miðað við árslok 2009 frá Kvennaskólanum fyrir 15. febrúar 2010, og tilkynnir um úttekt óháðra aðila á stöðu þróunarverkefnisins í kjölfarið (viðauki 1, 10). Við vinnslu skýrslu skólans skyldi gengið út frá eftirtöldum markmiðum þróunarverkefnisins:

1. Þróa útfærslu nýrrar framhaldsskólæiningar
2. Prófa viðmið og sniðmát ráðuneytisins við uppsetningu brauta.
3. Þróa útfærslu áfangalýsinga m.t.t.
  - a. Framsetningar hæfni, leikni, og þekkingarmarkmiða.
  - b. Mismunandi hæfniþrepa.
4. Gera áfangalýsingar sem nýst geta öðrum skólum.
5. Þróa framsetningu lykilhæfni í áföngum, á námsbrautum og í öllu skólastarfi.

Hér er því um tvo samninga um þróunarverkefni að ræða, fyrir skólaárin 2008-2009 og 2009-2010, og virðast markmiðin nokkuð skýr þótt orðalag sé ekki samræmt.

## Markmið og umfang úttektar á þróunarverkefni Kvennaskólans

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi Hitt og Þetta ehf ([www.hittog.com](http://www.hittog.com)) „Erindisbréf vegna úttektar á þróunarverkefni Kvennaskólans í Reykjavík“ þann 5. mars 2010 (viðauki 1, 12). Þar segir:

„Mennta- og menningarmálaráðuneytið felur yður hér með að leggja mat á stöðu og árangur þróunarverkefnis Kvennaskólans í Reykjavík sem hófst haustið 2008 í framhaldi af setningu nýrra laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Þróunarverkefnið felst í því að endurskoða allt námsframboð skólans með tilliti til nýrra laga um framhaldsskóla og vinna með því m.a. fyrir ráðuneytið að þróun útfærslu á nýjum námsbrautum og skólanámskrám framhaldsskóla, sbr. samninga um verkefnið frá 2008 og 2009. Markmið með úttektinni er að leggja mat á hvernig til hefur tekist með eftirfarandi vinnu við þróunarverkefnið:

1. Þróa útfærslu nýrrar framhaldsskólaeiningar
2. Prófa viðmið og sniðmát ráðuneytisins við uppsetningu brauta.
3. Þróa útfærslu áfangalýsinga m.t.t.
  - a. Framsetningar hæfni, leikni, og þekkingarmarkmiða.
  - b. Mismunandi hæfniþrepa.
4. Gera áfangalýsingar sem nýst geta öðrum skólum.
5. Próa framsetningu lykilhæfni í áföngum, á námsbrautum og í öllu skólastarfi.
6. Innleiðing kennslu skv. nýjum framhaldsskólalögum með sveigjanlegum þriggja til fjögurra ára námstíma.

Jafnframt sé almennt lagt mat á hvernig til hefur tekist með innleiðingu skv. nýjum lögum á fyrsta námsári skólans og undirbúningi annars námsárs, sbr. framangreint.“

Úttektin skal unnin á tímabilinu mars til maí, og byggjast á fyrirliggjandi gögnum um verkefnið og heimsóknum og viðtölum. Úttektarskýrslu skal skila ráðuneytinu fyrir 31. maí 2010. Í henni skal gerð grein fyrir stöðu verkefnisins, styrkleikum þess, veikleikum og ávinningi. Áður en skýrslunni er skilað til ráðuneytisins skal gefa skólameistara tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir við lokadrög skýrslunnar, en úttektaraðilar meta hvort og hvernig tekið er tillit til athugasemdanna. Fjármál verkefnisins eru utan sviðs þessarar úttektar.



## Framkvæmd úttektar

Úttektin var gerð samkvæmt hefðbundnu verklagi við úttektir af þessu tagi (Project Auditing), og farið eftir skilgreiningu á umfangi, markmiðum, viðföngum, tímasetningu, og skilakröfum eins og sett er fram í erindisbréfi ráðuneytisins. Byggt var á viðtölum við þátttakendur í verkefninu og rýni skriflegra gagna.

Rætt var við þá aðila sem ráðuneytið tilgreindi í erindisbréfi sínu: Skólastjórnendur, þróunarstjóra verkefnisins, fulltrúa kennara, fyrstaárs nemenda, og Björgu Pétursdóttur tengilið ráðuneytisins við skólann vegna þróunarverkefnisins.

Kvennaskólinn í Reykjavík var heimsóttur og viðtölin fóru þar fram sem einstaklingsviðtöl í lokuðu rými án truflunar og þátttakendur gáfu góðfúslega leyfi til upptöku viðtalanna. Viðtölin voru rituð um leið og þau fóru fram en upptökur notaðar við lokafrágang til að tryggja réttmæti. Tveir úttektaraðilar voru í viðtölunum, spyrill og ritari. Sami viðtalsvísir var notaður í öllum viðtölunum til að tryggja samræmi í spurningum sem lagðar voru fyrir viðmælendur, og allir fengu sama tíma fyrir hverja spurningu til að tryggja jafnræði.

Eigindleg aðferð (Qualitative Research) var notuð til að greina áhersluþætti í viðtölunum og dregin var fram orðrétt frásögn, skáletruð í texta innan gæsalappa, til að auka trúverðugleika greiningarinnar.

Allir þátttakendur tóku úttektaraðilum vel og viljum við koma á framfæri þakklæti okkar fyrir samvinnuna.

Listi yfir þátttakendur í viðtölum er birtur í viðauka 2. Í viðauka 1 er listi yfir þau gögn sem tiltæk voru og stuðst er við í úttektinni. Einnig er stuðst við upplýsingar sem koma fram á heimasíðu Kvennaskólans (viðauki 1,13), og á vefsíðu ráðuneytisins, Ný menntastefna (viðauki 1, 14).

## Niðurstöður úr viðtölum við þátttakendur

### Kennarar og aðrir en nemendur

#### Hvernig metur þú að til hafi tekist varðandi útfærslu nýrrar framhaldsskólæiningar?

Nær allir voru sammála um að útfærslan hefði tekist vel en mikil vinna hefði verið lögð í verkið. „*Get ekki dæmt hvernig fein virkar...Hef ekki myndað mér skoðun á því hvernig þetta hefur nýst*”. Þetta var undantekning. Útfærslan virtist skýr í lögum og einnig reiknireglan en flestir töldu að skoða þyrfti nánar og endurmeta einstakar greinar. „*Kemur misjafnlega út miðað við fög...íslensku stærðfræði eða íþróttir*”. „*Í vetur kom í ljós of mikil heimavinna í t.d. náttúrufræði...Eftir veturinn kemur í ljós hvernig þessar fein virka...þarf ábyggilega að laga marga*”.

#### Hvernig metur þú að til hafi tekist varðandi prófun viðmiða sniðmáts ráðuneytisins við uppsetningu brauta?

Margir töluðu um að mikill tími hefði farið í að átta sig á viðmiðunum og sniðmátinu en þegar fólk hafði náð áttum hefðu þau dugað ágætlega en hindranir hefðu þó verið á veginum. „*Sniðmát breyttust meðan við vorum að vinna í þessu. Þannig að svolítið var farið fram og tilbaka. „Auðvelt að finna þekkingarmarkmið...sama og áður ...en leikni og hæfni erfiðara að átta sig á...fannst tvö orð yfir sama hlut*”. Fáeinum fannst ekki tímabært að skoða þetta enda nær engin veruleg reynsla komin á þetta. Fram kom hjá mörgum að nemendahópur Kvennaskólans væri sérstakur að því leyti að þar færi yfirleitt sterkt námsfólk en tekið var fram að sniðmátin og þrepin ættu að geta mætt flestum nemendahópum því þar væri nægjanlegt svigrúm til þess. Mikilvægt væri að skólar gerðu sér góða grein fyrir stöðu nemendahópsins og sérstaklega þegar hverfaviðmið verða að veruleika næsta haust. „*Við erum að meta þetta inn hjá okkur...erum búin að setja inn alla kjarnaáfanga...sem sagt raða þeim á námsárin....Búin að setja okkur þau markmið...Kvennaskólinn ætlar að vera í hærri kantinum...þannig að stúdentsprófið eigi að vera betra...að 1/3 námsins sé á þriðja þrepi ekki 1/6. Til þess að ná því bindum við 20 ein í vali á þriðja þrep*”. Fram kom að sniðmátið hefði verið hagnýtt tæki. „*Því annars hefðum við soðið upp úr því gamla. Þarna urðum við að*

*skoða þetta á annan hátt...gátum ekki stuðst við það gamla. Það var stunið heilmikið fyrst en þetta var til gagns”.*

### **Hvernig metur þú að til hafi tekist varðandi þróun áfangalýsinga með tilliti til framsetningar hæfni – leikni – og þekkingarmarkmiða?**

Flestir voru sammála um að þetta væri mikið lærdómsferli að setja sig inn í hugmyndafræðina og skilja hugtökin. Fram kom að breyting hefði orðið á einum þættinum sem hefði tafið fyrir. „...tók langan tíma að fatta kerfið....læra á hugtökin og fleira. Svo var ruglingur...fyrst hét þetta færni...svo leikni...það var ekki til að hjálpa”. Þetta er vinna sem ekki er hægt að yfirfæra á aðra skóla allir verða að fara í gegnum þetta sjálfir til að skilja kerfið. Það voru allir að vinna í þessu frá upphafi, hvort sem þeir voru að kenna eða ekki”. Miklu máli skiptir að mati langflestra að allir taki þátt í vinnunni, að þetta sé samvinna allan tímann. „Hefði ekki treyst mér til að gera þetta einn...samvinnan bjargaði”. Fram kom að þessi framsetning hentaði félagsvísindagreinum mjög vel. „Tókum þá áfanga sem áttu klárlega heima á fyrsta, öðru og þriðja þrepi...og sumt af þessu ákváðum við að sníða til þannig að hentuðu ákveðnu þrepi betur...Ákváðum að þriðja þrep væri svona sérhæfing í undirgreinum....Hentaði félagsvísindum mjög vel. Ýttum námsefninu og því gamla bara til hliðar og hugsuðum hvað er best að nemendur læri”. Varðandi stærðfræðina kom fram að þetta væri að mestu til staðar þar. „Gangur í framhaldsskóla er rökréttur...hver hlutur tekur við af öðrum...stærðfræði er kaflaskipt...þrep fyrir þrep...engin önnur leið að markmiði heldur en farin er...Þessi viðmið alltaf við lýði í einhverju mæli í stærðfræðikennslu”. Tekið var fram að endurmat þyrfti að vera stöðugt varðandi þessa þætti. Fram kom að ráðuneytið er að vinna að því að þróa aðferð ásamt Námsmatsstofnun til að reyna að meta hvort tilteknir áfangar séu í raun á réttu þrepi.

### **Hvernig metur þú að til hafi tekist varðandi gerð áfangalýsinga sem nýst geta öðrum skólum?**

Flestir telja að áfangalýsingar Kvennaskólans geti nýst öðrum en telja þó mjög mikilvægt að taka mið af þeim nemendahópi sem fyrir er í hverjum skóla fyrir sig þar sem Kvennaskólinn sé með mjög einsleita nemendahóp eða sterkt námsfólk. Ekki sé hægt að yfirfæra áfangalýsingarnar beint enda sé nauðsynlegt að allir fari í gegnum vinnuna við gerð þeirra en



grunnvinnan sem þegar hefur verið unnin ætti að geta nýst öðrum vel. Kynningar hafa verið haldnar mjög víða af hendi Kvennaskólans og mikið efni sýnilegt á heimasíðunni. „*Búið að halda um 30 kynningar frá byrjun. Allar kjarnalýsingar og dálítið af valinu komnar inn á heimasíðuna. Hjálpar að skoða hvað við erum að gera en allir þurfa að vinna fyrir sig...finna sína leið...fara í gegnum ferlið. Getur gagnast litlum skólum...t.d. úti á landi...þar sem er bara einn kennari í fagi og hefur engan að ræða við*”. Varðandi aðkomu fatlaðra og nemenda með námsörðugleika kom fram að lítið hefði verið farið inn á það í þessari vinnu. „*Fatlaðir og námsörðugleikar...nei, voða lítið komið inn á þetta....En við erum með sveigjanlegt nám þó þetta sé bekkjarkerfi...ráðum ekki við fatlaða*”. Fram kom að ástæða þótti til að breyta miklu í áföngum sumra greina en ekki í öðrum. Minnt var á að áfangalýsingar Kvennaskólans væru ekki endilega þær einu sönnu og mikilvægt að hafa það alltaf í huga.

### **Hvernig metur þú að til hafi tekist varðandi þróun lykilhæfni í áföngum, á námsbrautum og í öllu skólastarfi?**

Flestum fannst erfitt að meta hvernig lykilhæfnin hefði þróast enda tekið fram að eftir að hún kom fram hjá ráðuneytinu hefðu fimm þættir bæst við úr nýju menntastefnunni og svo virtist sem fólk áttaði sig ekki vel á hvernig þetta færi saman eða hvar hvert um sig ætti heima. Fram kom að ráðuneytið teldi sig ekki hafa komið fram með skýrar lýsingar á lykilhæfni og tengslum hennar við grunnþætti. „*Ráðherra vill leggja áherslu á fimm grunnþætti....samkvæmt nýju menntastefnunni...já þannig að lykilhæfnin á að speglast á við þessa fimm grunnþætti og í mínum huga eiga grunnþættirnir að snúa meira að skólastarfi...þú átt að læra um lýðræði í lýðræði...en lykilhæfnin snúi meira að einstaklingnum sjálfum....Við hjá ráðuneytinu höfum ekki getað sett þetta skýrt fram*”.

Umræðan um lykilhæfnina og fimm grunnþættina virðist kennurum erfið eins og ráðuneytinu en vilji er til að skilja og nota þessa þætti. „*Síðasti kennarafundur á árinu helgaður þessu*”.

### **Hvernig metur þú að til hafi tekist varðandi innleiðingu kennslu skv. nýjum framhaldsskólalögum með sveigjanlegum þriggja til fjögurra ára námstíma?**

Ólíkar skoðanir voru uppi um þetta og ábending kom um að forðast þyrfti að þeir sem veldu að taka námið á fjórum árum yrðu stimplaðir tossar. Hugsanlega hefði áherslan á að taka

námið á þremur árum verið meiri en að taka það á fjórum árum. Góð kynning á sveigjanleikanum þyrfti að vera til staðar. „...þótt góðir námsmenn...vilji vera fjögur ár í skólanum...Finnst kannski að ef þetta er tekið á fjórum árum fái stimpil á sig...tapari...tossi...Þarf að stýra umræðunni og kynningunni þannig að þetta verði ekki svona”. Flestir töldu að sveigjanleikinn væri af hinu góða bæði fyrir sterka námsmenn og hina veikari. Aðrir töldu sig ekki geta metið þetta ennþá. Fram kom að um 80% nemenda hefðu valið valgrein um s.l. áramót miðað við að vera þrjú ár að stúdentsprófi. Tveir nemendur þurftu að hægja á sér og það var hægt. „Líka tveir nemendur sem fengu að geyma eina kjarnagrein...dönsku... á fyrsta ári...fannst of mikið álag...við fundum leið til að mæta því. Hefði ekki verið hægt í gamla kerfinu”.

### **Hver er staða verkefninsins?**

Fæstir vildu tala í prósentum en þeir sem það gerðu töldu að á bilinu 50 – 75% væru búin. Kjarnagreinar eru allar frágengnar en nokkrir valáfangar eftir. Beðið er eftir línu frá ráðuneytinu varðandi almenna hluta aðalnámskrárinnar. *Margar ákvaðanir verið teknar en mikil vinna er eftir*”. Framvinda náms og fall á bekk þarfnast úrvinnslu. „*Allar reglur um framvindu náms er eftir...þetta er ný hugsun*”. „*Sóun á tíma nemanda að taka aftur bekk sem hann hefur lokið 70%*”.

### **Hver er árangurinn?**

Mörgum finnst of snemmt að meta árangurinn en margir telja þróunarstarfið sem unnið hefur verið í tengslum við verkefnið hafa skilað mikilli og góðri vinnu. „*Verið mikil og holl uppstokkun*”. Fram kom að jólaþróf í fyrsta bekk gengu vel og brottfall er mjög lítið og enginn hætt vegna of mikils vinnuálags. Ráðuneytið sér það sem árangur að kennarar hafi náð að tala saman í gegnum verkefnið. „*Í gegnum verkefnið hafa kennarar talað saman og skólinn sett sér stefnu og rætt fyrir hvað stöndum við og hvaða nemendahópi erum við að sinna...bara þetta eitt er árangur...skiptir miklu máli*”. Bent var á að aðeins einn bekkur hefur farið í gegnum nýja kerfið og að nú sé komið að því að meta árangurinn.



### **Hvernig hefur almennt tekist til með innleiðingu skv. nýjum lögum á fyrsta námsári?**

Nær allir sammála um að vel hafi tekist til. Benda á lítið sem ekkert brottfall og ágætan árangur á jólaprófum þó svo að nemendur hafi kvartað undan vinnuálagi. Samstarf kennara er mögum ofarlega í huga sem jákvæður þáttur í þessu verkefni. Aftur benda menn á að í Kvennaskólanum sé sterkt námsfólk sem þoli álag.

### **Hvernig stendur undirbúningur fyrir annað námsár?**

Flestir telja að undirbúningi annars námsárs sé lokið varðandi kjarnagreinar og valgreinar. Nefnt er að kennsluefni sé áfátt og að kennarar séu að skoða hvað bjóðist erlendis og hvað kennarar geti búið til sjálfir og vísa þá til þess að taka nokkra daga í það í maí. Allt efnið sem tilbúið er er komið á heimsíðu skólans. Bent er á að bagalegt sé að aðalnámskrá frá ráðuneytinu sé ókomin ennþá. „*Bíðum eftir aðalnámskrá ráðuneytisins....virðist vera fast á milli hæða*”.

### **Hvað hefur helst hindrað að þetta næðist?**

Tímaskortur kom hjá nær öllum sem svar við þessari spurningu. Margir töldu að verkið hefði verið bratt en töldu það ekki hafa hindrað að verkið væri unnið og jafnvel kost að hafa það svo. Fram kom að nemendur sem nú sitja í fyrsta bekk í Kvennaskólanum voru búnir að velja skóla þegar ákveðið var að fyrsta námsár í skólanum yrði með öðrum hætti en áður var. Fram kom einnig að flestir tóku þessu vel og það reyndist ekki hindrun.

Bent var á að erfitt væri að hafa skóla sem hefði tvö kerfi í gangi því meðan próf stæðu væri ekki hægt að kenna í skólanum á sama tíma. „*Fólk var gríðarlega duglegt*”. Mannlegi þátturinn var nefndur sem hindrun í öllu þróunarstarfi en mönnum kom á óvart hve vannst úr því. *Örfáir á móti...en unnu samt með og urðu jákvæðari því meira sjálfðæmi um kennslu*”. Það virtist skipta nokkra kennara miklu máli að skipunin kæmi ekki að ofan heldur ynnu menn saman að markmiðum og stefnu.

## Nemendur í 1.bekk Kvennaskólans

### Hvaða kynningu fékkstu áður en þú hófst nám í Kvennaskólanum s.l. haust?

Nemendur sammála um að þeir hafi ekki fengið kynningu á beyttu fyrirkomulagi fyrr en þeir komu í skólann haustið 2009. „Minnir að hafi verið smá í bæklingi...en ekkert sem við krakkarnir tókum eftir”. „Fréttum þegar skólinn var byrjaður...fengum þá kynningu. Skildi þó alls ekki allt...virtist sem enginn vissi hvað snerist um. Vissum ekki einu sinni hvort væri skylda t.d. að taka á þremur árum eða mætti velja. Sumir pirraðir á þessu...Bæklingur hefði verið góður”. Nemendur fengu litla kynningu á fyrirkomulaginu og áttuðu sig illa á þeim upplýsingum sem fram komu.

### Hvernig skilur þú fein?

Nemendur segjast ekki skilja hana nógu vel. „Var kynnt fyrir okkur en situr ekki í mér hvað þetta er”. „Ekkert alltof vel. Veit ekki hvernig virkar...hvernig allt kemur saman...en hvað við þurfum margar og hvað liggur að baki fein...veit ekki”.

### Skilur þú áherslurnar þekking, leikni og hæfni?

Nemendur virðast ekki skilja hugtökin. „Nei,veit ekkert um þetta...leikni,hæfni osfrv.” „, Ekki kynnt fyrir okkur sem ég muni eftir þessi þrjú hugtök...ekki fengið bækling svo ég muni”.

### Hvernig skilur þú lykilhæfni?

Nemendur skilja þetta á sinn veg en telja þetta grundvallarþekkingu og mikilvægustu hæfnina. „Er grundvallarþekking, skylduáfangar, til að geta lokið námi. En ekki verið kynnt fyrir okkur lykilhæfni”. „Ekki kynnt fyrir okkur svo ég viti...Hef verið að pæla í þessu...hvað þetta er. Hef spurt námsráðgjafann...og spurt í tíma...en ekki fengið svör svo við skiljum”.

### **Áttar þú þig vel á áfangalýsingum?**

Nemendur virðast átta sig vel á þeim. „Fóta mig í áfangalýsingunum..já. „Já, mér finnst það...aldrei í vandræðum með þetta...er á netinu allar upplýsingar um þetta”.

### **Hafa kennsluáðferðir breyst frá því sem þú ert vanur, vön?**

Nemendur ekki sammála um þetta. „Ekkert rosalega...bara farið hraðar yfir...meira heimanám. Áðferðir kennara nokkuð líkar...glærur og svoleiðis...sama og í grunnskóla. Hef á tilfinningunni að prófin gildi meira en vinnan í námsmatinu. „Kennarinn hefur meiri frið til að kenna okkur....aðrir kennsluhættir...já. Ég höndla allavega vinnuálagið. Miklu fleiri próf hér en í grunnskóla. Að meðaltali 1-2próf á viku.

### **Ætlar þú að ljúka námi á þremur árum?**

Nemendum finnst þetta erfið spurning, annar hefur lítið hugsað út í það en hinn er ákveðinn að fara í fjögurra ára stúdentspróf. „Hef alltaf hugsað mér fjögurra ára nám...en nú opnast möguleiki á að fara í skiptinám á t.d. öðru ári. „EKKI áhuga á að vera ári á undan í háskóla”. „Erfið spurning hef lítið hugsað út í það”.

### **Hvaða augum lítur þú námslok eftir fjögurra ára nám?**

Nemendur virðast ráðvilltir og annar telur að með því að taka námið á þremur árum takmarki það möguleika viðkomandi á þátttöku í félagslífinu. Annar nefnir þetta sem jákvæðan þátt en ætlar að taka námið á 4 árum. Hinn segir: „Krakkarnir ekkert fróðari en ég ...segja t.d...förum í 2B05...en vitum ekki hvað það er eiginlega. Svo flestir ætla að fara bara á fjórum árum eða fjóru og hálfu. Sumir bínir að ákveða þrjú ár. Þeir mundu þá margir kannski taka svo ár í frí”.





Hitt og þetta ehf.

### **Hvern telur þú ávinninginn af nýja kerfinu?**

Nemendur eru sammála um að valið sé af hinu góða að geta tekið þetta á þremur eða fjórum árum en ætla ekki endilega í háskóla strax eftir stúdentspróf. „Fyrir okkur nemendur...að fá þetta extra ár...getum gert það sem við viljum”. „Ef ég tek þetta á þremur árum mun ég kannski undirbúa mig betur undir háskólann...vinna í eitt ár til að standa betur peningalega”.

### **Sérðu einhverja galla við nýja kerfið?**

Annar nemandinn var óánægður með skort á upplýsingum um kerfið. *Er ánægður með t.d. enskuna...tókum stöðupróf og ef ok þá sleppum við málfræði og farið beint í framhaldið...orðaförða og þannig...fannst það gott. Helsti gallinn upplýsingaskortur...t.d. með feiningar...heimanáam...”.*

Hinum nemandanum finnst mikið að gera og ber þetta saman við kerfið í Versló. „Átti að reyna að sleppa heimavinnunni...en ótrúlega mikil núna. Alltaf að læra þegar við komum heim...meira en vinkonur okkar. Í Versló t.d. bara tvö próf á viku og vitað áður...Alltaf verkefni”.

## Áhersluþættir varðandi meginmarkmið verkefnisins

### Kennarar, nemendur og aðrir

#### Útfærsla feiningar

Flestum kennurum fannst útfærslan hafa tekist vel, útfærslan og reiknireglan væru skýrar í lögum. Bentu á að mikilvægt væri að skoða einstakar greinar því þetta kæmi misjafnlega út varðandi þær.

Nemendum fannst þeir þurfa meiri og ýtarlegri upplýsingar um feininguna.

#### Sniðmát og uppsetning brauta

Kennarar bentu á að sniðmátið hefði breyst í upphafi og það valdið ruglingi en sniðmátið hefði neytt þá til að hugsa öðruvísi en áður og reynst hagnýtt tæki þegar á reyndi þó flestum hafi fundist erfitt að fóta sig í upphafi í nýrri hugsun. Kennurum fannst mikilvægt að skólar áttuðu sig vel á nemendahópnum og að nýta þann möguleika sem sniðmátið gefur til sveigjanleika.

#### Þróun áfangalýsinga og nýting í öðrum skólum

Kennarar flestir sammála um að það væri mikið lærdómsferli að setja sig inn í og skilja hugtökin; þekking, leikni og hæfni. Breyting sem varð á einum þáttanna tafði fyrir skilningi en mestu máli skipti að allir tækju þátt í vinnunni því samvinna og miðlun hefði gríðarlega mikið að segja. Framsetningin virtist henta greinum misvel t.d. hentaði hún félagsgreinum mjög vel og virtist tengjast grunnhugsun í stærðfræðikennslu. Kennarar lögðu áherslu á að endurmat væri mikilvægt þegar kæmi að þessum þáttum.

Flestir telja að áfangalýsingar Kvennaskólans geti nýst öðrum skólum en telja mjög mikilvægt að tekið sé mið af nemendahópnum hverju sinni og að allir kennarar fari í gengum lærdóms- og vinnuferlið sem tengist þessum breytingum. Minnt var á að áfangalýsingar Kvennaskólans

## Hitt og Þetta ehf.

væru ekki endilega þær einu sönnu og að ástæða hefði þótt til að breyta miklu í áföngum sumra greina en ekki í öllum.

Nemendur skildu ekki hugtökin þekking, leikni og hæfni og söknuðu frekari kynningar en skilja vel áfangalýsingarnar.

### **Þróun lykilhæfni**

Flestum kennurum fannst erfitt að meta hvernig lykilhæfnin hefði þróast enda hefðu fimm grunnþættir bæst við frá ráðuneytinu eftir að hún kom fyrst fram. Fram kom að ráðuneytið taldi sig ekki hafa komið fram með skýrar lýsingar á lykilhæfni og tengslum hennar við hina fimm grunnþætti.

Nemendur skilja þetta á sinn veg, sem grundvallarþekkingu til að geta lokið námi. Þeir vilja fá meiri og ýtarlegri upplýsingar í hendur.

### **Kennsluaðferðir og námsmat**

Nemendum finnst kennsluaðferðir lítið hafa breyst frá því sem þeir þekkja úr grunnskóla nema aukið vinnuálag og meiri kennslufriður. Þeir hafa á tilfinningunni að prófin gildi meira en vinnan í námsmatinu.

### **Sveigjanlegur þriggja til fjögurra ára námstími**

Kennarar höfðu ólíkar skoðanir á þessu og fannst of stutt liðið frá upphafi verkefnisins til að geta metið kosti og galla á styttingu námstímans. Töldu þó flestir að vel hafi tekist til varðandi fyrsta námsárið og árangur á jólaprófum væri vísbending um það.

Ábending kom fram hjá kennurum um að hætta væri á að þeir sem veldu að taka námið á fjórum árum yrðu hugsanlega stimplaðir tossar. Fyrirbyggja þyrfti það. Kennurum fannst nauðsynlegt að góð kynning yrði á sveigjanleikanum sem nemendum byðist í nýju kerfi bæði fyrir sterka námsmenn og einnig þá veikari. Varðandi innleiðingu kennslu samkvæmt nýjum framhaldsskólalögum þá töldu margir að um 50 – 75% verkefnisins væri lokið en mikið verk

## Hitt og þetta ehf.

væri óunnið varðandi framvindu náms og falli á bekk. Vinnuálag á nemendur væri vissulega meira en áður en brottfall á jólaþrófum ekki aukist sem væri góð vísending. Enn nú aftur bentu kennarar á að í Kvennaskólanum sæti sterkt námsfólk sem ætti auðveldara með að mæta auknu vinnuálagi en það sem veikar stæði.

Undirbúningur fyrir annað námsár stendur vel og er að mestu lokið. Það virðist skipta kennara miklu máli að menn vinni saman að markmiðum og stefnu en ekki eftir skipun að ofan.

Nemendur líta á sveigjanleikan sem ávinning en hafa ekki hugsað sér að setjast í háskóla strax að loknu þriggja ára stúdentsprófi. Gætu hugsað sér að vinna í eitt ár til að safna fyrir háskólanámi eða verða skiptinemi eftir fyrsta árið í Kvennaskólanum. Þeir líta á þetta sem aukaár. Reikna frekar með að taka námið á fjórum árum.

### **Helstu hindranir og gallar**

Tímaskortur kom fram hjá nær öllum kennurum sem svar við spurningunni. Farið var bratt af stað en það reyndist ekki hindrun þegar frá leið. Erfitt að reka skóla sem er með tvö kerfi í gangi í einu t.d. á prófatíma. Mannlegi þátturinn var ákveðin hindrun en þó kom á óvart hve vel vannst úr honum, jákvæðnin óx eftir því sem á leið. Skortur á góðu námsefni er staðreynd í sumum greinum og minnst var á að ekki væri komin út aðalnámskrá frá ráðuneytinu sem væri bagalegt.

Nemendur kvörtuðu undan skorti á upplýsingum um kerfið og að vinnuálagið væri mikið á köflum.

## Rýni þróunarverkefnis

### Verkefnisskjölun, framvinda og stjórnun

Í viðauka 1 er listi yfir bréf, samninga og skýrslur sem varpar ljósi á skilgreiningu verkefnisins, markmið og framgang. Skilgreining þróunarverkefnis Kvennaskólans virðist nokkuð ljós, þótt orðalag sé ekki samræmt í þessum skjölum, eins og sjá má í viðauka 1. Þetta gerir greiningu gagna erfiðari og ónákvæmari. Betra hefði verið ef aðilar hefðu komið sér saman um orðalag á hugtökum og verkefnum. Hins ber þó að gæta, að hér er um algerlega nýja hugsun að ræða við skipulag náms, námsskrár, og kennslu í framhaldsskólum, enda er verkefnið skilgreint sem þróunarverkefni. Í viðtölum við stjórnendur kom fram að báðir aðilar sammings hafi þuft að fara í gegnum ákveðið lærdómsferli og tileinka sér nýja hugsun og hugtök. Á þessum tveimur árum skýrðust líka markmið smátt og smátt, og ráðuneytið kom fram með nýjar skilgreiningar og hugtök. Í október 2008 kynnti ráðuneytið átta lykilhæfnipætti, í ítarlegri útfærslu í febrúar 2009. Í október 2009 kom „Áherslur í námsskrárgerð fyrir framhaldsskóla“ þar sem lögð er áhersla á þessa átta lykilhæfnipætti en auk þess eru settir fram fimm grunnþættir sem einkenna eiga allt skólastarf (viðauki 1, 11). Það er því ljóst að skilgreiningar og hugtök hafa breyst þótt stefna og markmið virtust hafa verið skýr frá upphafi.

Gerðir eru tveir formlegir samningar við ráðuneytið, í desember 2008 (viðauki 1, 4) og október 2009 (viðauki 1, 9), þar sem markmið eru skilgreind og verkþættir eða áfangar taldir upp og tímasettir gróflega. Hefðbundnar verkefnisáætlanir (Project Plan) virðast ekki hafa verið gerðar, og þótt mikið hafi verið fundað í smærri og stærri hópum um ýmis verkefni er ekki hægt að sjá á einum stað hvernig framvinda og staða verkefnisins er á hverjum tíma (Project Review). Innan Kvennaskólans hefur verkefnisstjóri haldið utan um verkefnið og miðlað upplýsingum til kennara á sérstöku svæði þeirra á innra neti skólans og með netpósti, auk þess sem minnisþættir á fundum voru skáðir í minnisbók verkefnisstjóra. Ekki þótti ástæða til að rýna þessi gögn í úttekt á verkefninu, enda ekki mjög aðgengileg.

Framvinda og stjórnun verkefnis virðist hafa verið nokkuð góð. Haustið 2008 er grunnstefna skólans mótuð m.t.t. nýrra laga um framhaldsskóla, og í desember 2008 er vinna vorannar skipulögð og kennarar fengu áætlun um mánaðarlega vinnufundi frá janúar til júní 2009. Þessar áætlanir virðast hafa gengið eftir, því á haustönn 2009 hefst kennsla í fyrsta bekk

samkvæmt nýju kerfi. Ekki virðist hafa verið gerð svipuð áætlun fyrir vinnu á haustönn 2009 og vorönn 2010, en unnið hefur verið að áfangalýsingum kjarnans á öðru og þriðja ári, og var það staðfest í viðtölum við kennara og skólastjórnendur.

Vinna við breytta kennsluhætti og nýtt námsmat fer fram meðal annars á starfsdögum vorið 2010. Símat hefur verið í ensku í vetur og könnun verður gerð meðal kennara á hvort og hvernig þeir hafi breytt kennsluháttum og námsmati í vetur miðað við nýja feiningu sem tekur mið af vinnuframlagi nemenda en ekki kennara, eins og áður var.

## Samningar og skýrslur

Kvennaskólinn skilaði skýrslu um fyrra verkefnið fyrir skólaárið 2008 – 2009 í október 2009 (viðauki 1, 8). Þar er markmiði verkefnisins lýst svona:

- Að endurskoða allt námsframboð skólans með tilliti til nýrra laga um framhaldsskóla og rita nýja skólanámsskrá með það fyrir augum að skólastarfið verði betra og markvissara.
- Að gefa nemendum kost á sveigjanlegum námshraða

Ekki er nánar skilgreint hvað er átt við með „betra og markvissara skólastarf“ og „sveigjanlegum námshraða“. Í samningnum um verkefnið er sett fram framkvæmdaáætlun í sjö liðum (viðauki 1, 4) sem „skal vera að fullu lokið 30. júní 2009“. Ekki er ljóst hver staðan var nákvæmlega á verkefninu þann dag, því skýrslan er ekki gerð fyrir en í október og í henni er ekki tekinn fyrir sérhver af þessum sjö liðum og stöðunni gerð skil. Þó má greina af efni skýrslunnar að tekist hefur að ljúka verkefninu að mestu, þó sumt hafi dregist á langinn. Niðurstaða skýrslunnar er að:

- Nám þeirra nemenda sem byrjuðu í haust í 1. bekk skólans er skipulagt samkvæmt nýju lögunum.
- Um þriðjungur námsins hefur verið endurskoðaður og settur inn í sniðmátið.
- Lokið er markmiðssetningu og skipulagi brauta skólans.
- Gerðar hafa verið áfangalýsingar fyrir allar kjarnagreinar sem kenndar eru í 1. bekk og verið er að kenna eftir þeim nú á haustönn (2009).

Þetta var allt staðfest í viðtölum við kennara og skólastjórnendur.

Í samningnum um verkefnið fyrir skólaárið 2009 – 2010 eru markmið verkefnisins skilgreind í þrem liðum:

4. Gera á sniðmát fyrir allar kennslugreinar skólans.
5. Nýjar áfangalýsingar verða gerðar í samræmi við sniðmátið fyrir alla áfanga sem kenndir eru í kjarna á brautum skólans.
6. Nýjar áfangalýsingar verða gerðar í samræmi við sniðmátið fyrir valáfanga sem í boði verða á 1. og 2. ári til að byrja með.

Þegar ráðuneytið biður um stutta skýrslu um verkefnið m.v. árslok 2009 eru hins vegar talin upp fimm markmið verkefnis (viðauki 1, 10) Óheppilegt er þegar skilgreiningar og markmið skolest til, en af viðtölum við fulltrúa ráðuneytisins og stjórnendur Kvennaskólans verður ekki ráðið annað en að gott samkomulag hafi ríkt um verkefnið þó svo virðist sem ekki sé alltaf samræmi í orðalagi í verkefnisskjölum.

Skýrsla Kvennaskólans frá 15. febrúar 2009 (viðauki 1, 11) rekur verkefnið frá upphafi og fjallar um hvern af þeim fimm þáttum sem ráðuneytið falast eftir upplýsingum um. Í erindisbréfi ráðuneytisins vegna þessarar úttektar er beðið um mat á stöðu þessara sömu 5 þátta auk mats á „innleiðingu kennslu skv. nýjum framhaldsskólalögum með sveigjanlegum þriggja til fjögurra ára námstíma.“ (viðauki 1, 12). Verður því hér á eftir fjallað um þessa sex þætti þróunarverkefnisins.

## **Útfærsla nýrrar framhaldsskólaeiningar**

Nýja framhaldsskólaeiningin (fein) byggir á algerlega nýrri hugmyndafræði sem grundvallast á vinnuframlagi nemenda. Jafnframt á þetta nýja kerfi að gilda um alla framhaldsskóla – jafnt bóknámsskóla sem verknámsskóla. Ein fein á að jafngilda þremur vinnudögum nemenda (6-8 klst) og er vinnuframlag jafnt metið sem heimavinna og verkefni, kennslustundir, próf, undirbúningur fyrir próf, og starfsþjálfun (viðauki 1, 14).

Það er augljóst að hér hefur þurft að hugsa hlutina upp á nýtt og sýnist okkur Kvennaskólinn hafa lagt töluverða vinnu í það, og skoðað ýmsar útfærslur í tímamælingum sem virðast hafa virkað nokkuð misjafnlega. Þetta var prófað á fyrstaárs nemendum á haustönn 2009, og töluverð slagsíða kom þá í ljós í sumum fögum á milli heimavinnu og skólavinnu. Þetta

virðist þó ekki hafa komið niður á nemendum ef miðað er við útkomu á jólaþrófum 2009 og viðtölum við nemendur í úttekt.

Okkur sýnist að hér muni vera töluverð vinna óunnin við að þróa aðferðir til að meta vinnuframlag nemenda í hinum ýmsu fögum. Breyttir kennsluhættir og námsmat hafa augljóslega mikil áhrif á þetta mat, þannig að leysa verður úr öllum þessum þáttum samhliða. Vinna bið breytta kennsluhætti og nýtt námsmat á að fara fram m.a. á starfsdögum vorið 2010, að sögn skólameistara Kvennaskólans. Símat hefur verið í ensku í vetur, og könnun verður gerð meðal kennara á hvort og hvernig þeir hafi breytt kennsluháttum og námsmati í vetur miðað við nýja feiningu sem tekur mið af vinnuframlagi nemenda en ekki kennara.

Erfitt er að sjá að hægt sé að hlífa nemendum við ákveðinni tilraunastarfsemi, en þessi þróunarvinna ætti að geta nýst öðrum skólum að verulegu leyti við þeirra námsskrágerð.

## Uppsetning brauta með tilliti til viðmiða og sniðmáts ráðuneytisins

Árið 2007 gaf Evrópusambandið út viðmiðunarramma um lokapróf á framhaldsskóla- og háskólastigi sem byggir á átta þrepum með skilgreindum stigvaxandi lærdómsviðmiðum (hæfniþrepum). Tilsvareandi gefur MMR út ákveðið sniðmát til viðmiðunar við skipulag brauta sem byggir á sjö þrepum, og er útskýrt á Ný menntastefna (viðauki 1, 14). Þessi þrep byggja á nýju framhaldsskólaeiningunni, fein, og þurfti því að skipuleggja stúdentspróf Kvennaskólans upp á nýtt. Ekki verður annað séð en að skólinn hafi leyst þetta verkefni vel af hendi. Stefnt var að því að rýra ekki gæði stúdentsprófsins, forðast skörun við grunnskólana, og hafa nær 1/3 hluta námsins á hæfniþrepi þrjú. Niðurstaðan um 200 fein stúdentspróf, á 3-4 árum, sem skiptist í 155 fein í kjarnagreinum og 45 fein í valgreinum virðist vel ígrunduð og rökstudd og falla að viðmiðum og sniðmáti ráðuneytisins (viðauki 1, 11). Sjá má hvernig kjarnagreinar skiptast á þrjár námsbrautir Kvennaskólans til stúdentsprófs og hver eru lokamarkmið hverrar brautar á heimasíðu undir Námið-nýtt (viðauki 1, 13).

## Útfærsla áfangalýsinga

Næsta skref við skipulag námsskrár er að raða náminu í hverju fagi niður á áfanga **með tilliti til nýju skilgreininganna um þekkingar-, leikni-, og hæfnimarkmið á hverju þrepi,**



miðað við að stúdentspróf skiptist á þrjú þrep. Þetta er gert samkvæmt ákveðnu sniðmáti og er enn ein nýjungin sem kennarar verða að tileinka sér við gerð áfanganalýsinga, í kennslu og við námsmat. Fram kom í viðtölum að nokkurn tíma tók í upphafi að ræða og koma sér saman um skilning á þessum hugtökum – þekking, leikni, hæfni – og um tíma var bæði í notkun leikni og færni um sama hugtakið. Þegar þessi úttekt er gerð virðist þó hafa náðst samstaða a.m.k. innan Kvennaskólans um að nota - þekkingu – leikni – hæfni – um lærdómsviðmið.

Ráðuneytið ákvað í upphafi að fá hópa kennara til að prófa sniðmátið á þremur greinum, íslensku, erlendum málum og stærðfræði. Þetta virðist hafa tekist vel, því í janúar 2009 gefur ráðuneytið út töflu sem má nota til að búa til lærdómsviðmið fyrir námsgreinar og brautir (sniðmát, viðmiðarramma), og síðan birtast í júní og júlí 2009, lærdómsviðmið fyrir ýmsar greinar, eins og sjá má á Ný menntastefna, lærdómsviðmið (viðauki 1, 14). Í maí 2010 eru þar lærdómsviðmið fyrir ellefu greinar á framhaldsskólastigi, en ljóst er að mikið verk er þar óunnið enn.

Kvennaskólinn lauk í júní 2009 gerð áfanganalýsinga fyrir allar kjarnagreinar sem kenna átti fyrstaárs nemendum á haustönn 2009. Þetta var staðfest í viðtölum við kennara og skólastjórnendur. Stuðst var við þau sniðmát greina sem ráðuneytið hafði þá látið gera, í íslensku, erlendum málum og stærðfræði, en kennarar Kvennaskólans í félagsvísindum, uppeldis- og menntunarfræðum og íþróttum gerðu sín eigin sniðmát fyrir þessar greinar. Þau eru nú birt á Ný menntastefna (viðauki 1, 14). Sniðmát nokkurra annarra greina eru þar að auki í vinnslu. Ljóst er að sniðmát lærdómsviðmiða voru ekki til fyrir allar greinar þegar áfanganalýsingar voru gerðar, og eru ekki enn (maí 2010), en Ný menntastefna (viðauki 1, 14) gerir ráð fyrir því að ráðuneytið samþykki sniðmátin, enda eru þau eins konar forskrift fyrir áfanganalýsingarnar. Þó er gert ráð fyrir því að ráðuneytið geti veitt undanþágu frá þessu ákvæði þegar um þróunarverkefni eða tilraunir er að ræða – eins og í þessu þróunarverkefni Kvennaskólans (viðauki 1, 14). Virðist því hafa verið gert samkomulag við ráðuneytið um þessa tilhögun, þó þess sé ekki getið í skýrslum Kvennaskólans í október 2009 eða febrúar 2010 né öðrum tiltækum gögnum.

Á haustönn 2009 unnu kennarar Kvennaskólans áfanganalýsingar fyrir allar greinar sem kenndar verða á öðru og þriðja ári. Útaf standa nokkrir valáfangar, en að sögn verða þeir teknir fyrir þegar val fyrstaárs nema liggur fyrir nú í lok maí. Á vefsíðu Kvennaskólans má sjá allar áfanganalýsingar fyrir kjarnafög og nokkra valáfanga, og virðast þær gerðar í samræmi við sniðmát greina, þar sem það er til, eða rammasniðmát ráðuneytisins (viðauki 1, 14,

lærdómsviðmið, tafla 1). Að vísu vantar þar enn að tilgreina námsmat, enda eftir að þróa þann þátt, og kennsluefni er ekki tilgreint nema í nokkrum áföngum á fyrsta og öðru þrepi.

Ekki verður annað séð en að vel hafi tekist til með þennan þátt þróunarverkefnisins, þó greinilega hafi verið unnið undir mikilli tímapressu þar sem ákveðið var að hefja kennslu (tilraunakennslu) eftir nýju kerfi strax haustið 2009. Þær áfangalýsingar sem voru skoðaðar virðast í ágætu samræmi við sniðmát ráðuneytisins um þekkingu, leikni, og hæfni, en ekki er hægt að meta hve vel þær falla að þrepasetningu fyrr en sniðmát allra greina liggja fyrir.

### **Áfangalýsingar sem nýst geta öðrum skólum**

Allar áfangalýsingar Kvennaskólans eru aðgengilegar á vefsíðu skólans, eins og fram hefur komið. Í skýrslu skólameistara frá 15. Febrúar 2010 kemur fram að náið samstarf hafi verið við stjórnendur og kennara Framhaldsskólans í Mosfellsbæ á vorönn 2009 þegar verið var að ráða kennara að skólanum, svo þeir gætu haft áfangalýsingar Kvennaskólans til hliðsjónar við gerð áfangalýsinga í sínum skóla. Alltaf var þó lögð áhersla á að hver skóli yrði að finna sínar eigin áherslur og útfærslur (viðauki 1, 13). Kvennaskólinn hefur kynnt þetta þróunarverkefni ötullega fyrir skólasamfélaginu frá upphafi og tekið þátt í fjölda kynningarfunda um innleiðingu nýju laganna, sniðmátin, og fleira (viðauki 1, 8).

Þótt hver skóli verði að fara sínar eigin leiðir við gerð áfangalýsinga með tilliti til sérstöðu sinnar verður ekki annað séð en að áfangalýsingar Kvennaskólans geti nýst öðrum skólum vel og stýtt þann vinnutíma sem annars færi í þennan verkþátt.

### **Framsetning lykilhæfni í áföngum, á námsbrautum og í öllu skólastarfi**

Á Ný menntastefna má lesa um hlutverk framhaldsskóla: „Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.“ Og enn fremur: „Deila má um hvort hlúð sé nægjanlega að þessum þáttum í hefðbundnu skólastarfi en í kjölfar nýrra laga er aukin áhersla lögð á þessa þætti“. Og: „Menntamálaráðuneyti mun ekki skilgreina ákveðna áfanga sem taka á þessum þáttum, heldur lætur skólunum eftir að skipuleggja námsbrautir þannig að þessum hæfnimarkmiðum verði náð“ (viðauki 1, 14).

Í febrúar 2009 var gefin út ítarleg skilgreining á átta lykilhæfnipáttum:

1. Tjáning og samskipti á íslensku sem móðurmáli.
2. Tjáning og samskipti á erlendum tungumálum.
3. Stærðfræði daglegs lífs.
4. Náttúra, vísindi og tækni.
5. Námsleikni.
6. Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar.
7. Menning, listir og sköpunarkraftur.
8. Félagsfærni og borgaravitund.

Þetta fjallar því um *hlutverk* framhaldsskólans en ekki beinlínis um *námskrárgerð*, eins og þeir þættir sem fjallað hefur verið um hér að framan. Þetta olli því nokkrum ruglingi og jafnvel usla hjá þeim sem voru á kafi í námskrárgerð til að geta komið af stað kennslu á haustönn 2009 samkvæmt nýju kerfi. Menn voru ekki á eitt sáttir um hvort þetta ætti jafnt við allar greinar eða ætti meira heima í sumum en öðrum. Kom þetta skýrt fram í viðtölum (sjá framan). Skólameistari og verkefnisstjóri meta það svo að náðst hefði að gera öllum átta lykilhæfnihugtökum skil í heildarskipulagi á öllum brautum við upphaf haustannar 2009, „þótt augljóst sé að þau náist ekki öll í hverri námsgrein“ (viðauki 1, 13). Þetta er ekki stutt neinum tiltækum rökum og er því ekki hægt að staðfesta í þessari úttekt.

Í október 2009, þegar kennsla fyrsta árgangs er hafin, kom frá ráðuneytinu enn ein nýjungin, sem voru fimm grunnþættir sem einkenna eiga allt skólastarf. Grunnþættirnir eru læsi í víðum skilningi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf (viðauki 1, 15). Í skýrslu skólameistara frá 15. Febrúar 2010 segir að Kvennaskólinn sé að taka fyrstu skref til að bregðast við innleiðingu þessara fimm grunnþátta í nýrri námskrá skólans, en að ljóst sé að þar sé talsvert starf óunnið ennþá (viðauki 1, 13). Ennfremur segir í sömu skýrslu að endurskoða þurfi brautirnar m.t.t. nýrra lykilhæfniviðmiða.

Úttektaraðilum sýnist greinilegt að þessi nýja útfærsla á hugmyndafræði um hlutverk framhaldsskólans, fimm grunnþættir og átta lykilhæfnipættir, hafi mjög vafist fyrir mönnum enda lítill tími gefist til að taka þessi mál föstum tökum meðan verið var að ljúka námskrárgerð fyrir nýtt nám til stúdentsprófs Kvennaskólans. Þetta virðist því að mestu óunnið, en er að sögn skólameistara á áætlun á þessu ári, 2010.

## **Innleiðing kennslu skv. nýjum framhaldsskólalögum með sveigjanlegum þriggja til fjögurra ára námstíma**

Kvennaskólinn býður nú upp á sveigjanlegan námstíma til stúdentsprófs eins og vel kemur fram á heimasíðu skólans og í kynningarefni. Hversu sveigjanlegur námstíminn er er matsatriði. Settar eru ákveðnar lágmarkskröfur fyrir hvert ár og ákveðin skilyrði fyrir vali. Nemendum fannst of lítið svigrúm fyrir fjórða árið. Of litlu er hægt að fresta til 4. árs, en hugsanlega hægt að bæta við sig valgreinum á 4. ári til að víkka sjóndeildarhringinn.

Ekki er hægt að staðfesta að búið sé að innleiða kennslu samkvæmt nýjum framhaldsskólalögum, þótt mikið undirbúningsstarf hafi verið unnið á skömmum tíma. Eins og fram hefur komið hér að framan er búið að gera brautarlýsingar og áfangalýsingar fyrir þriggja til fjögurra ára nám til stúdentsprófs á þremur brautum. Enn á þó eftir að skilgreina nýja kennsluhætti og námsmat, eða hvernig virkar svo þetta allt saman? Finna nemendur fyrir breytingum þannig að áherslan sé nú á þeirra vinnu? Í viðtölum við nemendur í lok mars 2010 kom fram að þeir fyndu ekki að kennsluhættir hefðu breyst frá því sem þeir þekktu úr grunnskóla, nema vinnuálagið væri mun meira. Að sögn þróunarstjóra Kvennaskólans stendur til að skoða í vor hvort kennarar hafi í raun breytt kennslu og námsmati, og í haust 2010 þegar fyrsti árgangurinn er að hefja annað árið hvort nemendur upplifi breytingar og þá hvernig.

Eins og fram kom hér að ofan á alveg eftir að sjá hvernig koma má hinni nýju hugmyndafræði um hlutverk framhaldsskólans inn í skólastarfið – eða staðfesta að hún sé þar nú þegar.

### **Hvernig hefur tekist til með fyrsta árið og undirbúning fyrir næsta?**

Undirbúningur undir fyrsta námsárið gekk hratt fyrir sig, og ef til vill má segja að of naumur tími hafi gefist til að vinna alla þá vinnu sem nauðsynleg var. En hafa verður í huga að um þróunarvinnu er að ræða, sem krafðist algerrar uppstokkunnar á öllum hefðum og hugmyndum kennara um kennslu í framhaldsskóla. Starfslið Kvennaskólans virðist þó hafa tekist á við þetta af einurð, og nemendahópur skólans er tiltölulega einsleitur og öflugur og virðist hafa tekið breytingunum nokkuð vel. Erfitt er að meta nú að hve miklu leyti námið breyttist í raun á fyrsta ári. Á félagsvísindabraut voru til að mynda sett algerlega ný lærdómsviðmið og áfangalýsingar, og í íslensku, dönsku, ensku, og stærðfræði var „byrjað ofar“ – endurtekningum sleppt og meira nám á þriðja þrepi. Um þetta er ýtarlegar rætt í

kaflanum „Utfærsla áfangalýsinga“ hér að framan. Undirbúningi undir annað og þriðja árið er lokið að mestu, með þeim fyrirvörum sem rætt er um hér að ofan.

## Kynning á nýju kerfi

Vorið 2009 gaf Kvennaskólinn út kynningarbækling og dreifði í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu í byrjun maí. Bæklingurinn var endurútgefinn nú í vor 2010 (ekki auðkenndur útgáfudegi eða númeri), og er fyrst og fremst ætlað að kynna skólann fyrir þeim sem eru að skrá sig í framhaldsskóla. Þar er sagt að skólinn hafi verið valinn „til að vera í fararbroddi við þróun framhaldsskólakerfisins vegna innleiðingar nýrra laga um framhaldsskóla“. Þar er líka sýnt skipulag kjarna á þremur námsbrautum skólans í nýjum framhaldsskólaeiningum (fein). Ekki er fjallað frekar um „nýja kerfið“ eða ný hugtök. Fundur var haldinn fyrir forráðamenn nýnema 9. september 2009 þar sem nýja kerfið var kynnt.

A heimasíðu skólans (viðauki 1, 13) er sérstakur flipi „Námið – Nýtt“, þar sem nýjar leiðir fyrir nemendur sem innritast fyrir haustið 2009 eru kynntar. Þar má sjá stuttar lýsingar á lokamarkmiðum hvernar brautar og einingum í kjarnafögum, og hvernig áföngum er raðað á hvert ár miðað við þriggja ára nám til stúdentsprófs. Skýrt er tekið fram að sveigjanleiki sé fyrir hendi og hægt sé að ljúka stúdentsprófi á 3 til 4 árum. Allir áfangar námsgreina í kjarnafögum hafa verið skilgreindir samkvæmt nýju sniðmáti ráðuneytisins. Hins vegar er ekki búið að setja inn skólanámsskrá né upplýsingar um kennsluhætti og námsmat.

Í viðtölum við skólastjórnendur kom fram að í fyrsta áfanga í lífsleikni sem allir verða að taka, er farið yfir nýja kerfið og hugtök eins og „framhaldsskólaeining“ útskýrð. Af áfangalýsingu (LKN1A01) kemur þó ekki fram að farið sé í þetta hugtak eða hvernig nýja stefnan er kynnt. Nemendur geta að sögn alltaf leitað til námsráðgjafa eftir upplýsingum um námið. Í viðtölum við nemendur kom fram að þeim fannst þá skorta betri upplýsingar um hugtök eins og „feining“ og „þekking, leikni, hæfni“, og að þeir hafi í raun verið byrjaðir í náminu þegar þeir fréttu af nýjungunum. Hafa verður í huga að aðeins var búið að kenna nýjum árgangi eftir nýju kerfi í rúmlega eina önn við úttekt, svo þetta má fremur skrifa á byrjunarörðugleika en galla á kerfinu eða á verkefninu.

## Viðauki 1

### HELSTU GÖGN VARÐANDI VERKEFNIÐ - SKILGREININGAR Á VERKEFNI OG MARKMIÐUM

	Gögn	Skilgreining verkefnis og markmið
1	Umsókn Kvennaskólans um styrkveitingu til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu, fyrir skólaárið 2008-2009, sent MMR 25. Mars 2008	Framkvæmd og tímaáætlun: 8. Grunnstefna stjórnenda mótuð, kynnt starfsfólki skólans og rædd (maí 2008) 9. Greining nauðsynlegra breytinga í ljósi nýrra laga. Greining tækifæra skólans og æskilegra breytinga í ljósi nýrra laga (júní 2008) 10. Kynning og samráð um breytingar (haust 2008) 11. Skipulagning námsbrauta (2008-09) 12. Gerð nýrra áfangalýsinga og tenging við nýtt einingakerfi (2008-09) 13. Endurskoðun almenna hluta skólanámsskrárinnar (2008-09) 14. Lokatillaga kynnt starfsfólki og menntamálaráðuneyti (apríl 2009)
2	Ítrekun á umsókn KVE um þróunarstyrk frá í mars 2008, dags. 1 september, 2008	Fyrsti liður liggur fyrir, en annar liður hefur dregist vegna þess hve seint varð ljóst að lagabreytingarnar næðu fram að ganga. Óskað eftir svari sem fyrst.
3	Bréf frá MMR til KVE, dags. 23. September 2008	Styrkur til þróunarstarfs í Kvennaskóla Reykjavíkur. Samþykkir styrk fyrir skólaárið 2008-2009 og meðf. samningsform og ábendingar vegna skýrslugerðar.
4	Samningur um þróunarverkefni milli MMR og KVE Dags. 4. Des, 2008	„Aðlögun skólanámsskrár að nýjum lögum um framhaldsskóla“ Re: Miðað er við markmið og skilgreiningu á verkefninu og áætlun um framgang þess eins og segir í umsókn skólans, dags 1. September 2008. Fyrir skólaárið 2008 – 2009 og skal vera að fullu lokið 30. Júní 2009.
5	Umsókn frá KVE í þróunarsjóð framhaldsskóla 10. mars 2009	„Styrkur til áframhaldandi þróunarstarfs v. Innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla“. <ul style="list-style-type: none"> <li>Allar kennslugreinar skólans verði settar í sniðmátið</li> <li>Gerð nýrra áfangalýsinga í samræmi við sniðmátið</li> <li>Þróað verði nýtt launakerfi kennara sem taki mið af nýjum einingum, breyttri kennsluskyldu og lengingu skólaársins</li> <li>Samningagerð við kennara</li> <li>Samþætting við eldra kerfi, hvernig rekum við tvö kerfi saman tímabundið</li> <li>Allt unnið sumarið 2009</li> </ul>
6	Tölvubréf frá KVE til MMR, dags. 10.03.2009	„verkáætlun tengd þróunarstyrknum frá s.l. ári gengur eftir þessari áætlun“. Sniðmátið ekki komið til sögunnar þegar þessi áætlun var gerð í mars 2008. Niðurstaða einungis fengin í íslensku og stærðfræði, og í lokadrögum í ensku. Aðrar greinar eru óunnar og einnig gerð nýrra áfangalýsinga í framhaldinu. Síðan eru samningar við kennara eftir, nýtt launakerfi, lenging skólaársins og margt fleira. Á móti sparast það að flestir nemendur skólans munu útskrifast ári fyrr en nú er. (stutt ársskýrsla í viðhengi – vantar!!)
7	Samkomulag um þróunarstarf í KVE, milli KVE og Kennarasambands Íslands (KÍ) - Gildir 2009 – 2010 - Dags. 10. Sept, 2009	Kennsla skv. Nýjum lögum, með sveigjanlegum 3-4 ára námstíma. Breytt kennslufyrirkomulag. Starfstími kennara og nemenda verði 180 dagar í stað 175.  Fylgiskjal: þáttaka kennara skólans við að þróa skipulag náms og kennslu, og samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt er að gera úttektir á tilraunaverkefninu og niðurstöður skuli ræddar milli aðila.
8	Skýrsla KVE um „Aðlögun skólanámsskrár að nýjum lögum um framhaldsskóla“	Markmið verkefnisins er: - Að endurskoða allt námsframboð skólans með tilliti til nýrra laga um framhaldsskóla og rita nýja skólanámsskrá með það fyrir augum að

	<p>Styrkt af Þróunarsjóði framhaldsskóla 2008-2009.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Dags, október 2009.</li> </ul>	<p>skólastarfið verði betra og markvissara.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Að gefa nemendum kost á sveigjanlegum námshraða.</li> </ul>
9	<p>Samningur um þróunarverkefni, Milli KVE og MMR</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Skólaárið 2009-2010</li> <li>- Dags, 30. Okt, 2009</li> </ul>	<p>„Gerð áfangalýsinga og sniðmáts ásamt þræpavinnu“</p> <p>Markmið og skilgreining á verkefninu:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Gera á sniðmát fyrir allar kennslugreinar skólans.</li> <li>- Nýjar áfangalýsingar verða gerðar í samræmi við sniðmátið fyrir alla áfanga sem kenndir eru í kjarna á brautum skólans.</li> <li>- Nýjar áfangalýsingar verða gerðar í samræmi við sniðmátið fyrir valáfanga sem í boði verða á 1. og 2. ári til að byrja með.</li> </ul> <p>Skýrslu skal skilað eigi síðar en 30. Júní 2010 – nema um annað samið. Tengiliður við MMR er Björg Pétursdóttir.</p>
10	<p>Bréf frá MMR til KVE um „Úttekt á þróunarverkefni um innleiðingu kennsku skv. Nýjum framhaldsskólalögum“ - dags, 1. Desember 2009.</p>	<p>Vísað í samning frá 4. Des, 2008, um þróunarverkefni.</p> <p>Tilkynnt um úttekt – óháðra aðila – á vormisseri 2010.</p> <p>Beðið um skýrslu KVE um „framgang og stöðu“ m.v. árslok 2009.</p> <p>Skýrslan til grundvallar úttekt – ásamt öðrum gögnum.</p> <p>Markmið þróunarstarfsins:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Þróa útfærslu nýrrar framhaldsskólalæiningar</li> <li>- Prófa viðmið og sniðmát ráðuneytisins við uppsetningu brauta.</li> <li>- Þróa útfærslu áfangalýsinga m.t.t. <ul style="list-style-type: none"> <li>o Framsetningar hæfni, leikni, og þekkingarmarkmiða.</li> <li>o Mismunandi hæfniþrepa.</li> </ul> </li> <li>- Gera áfangalýsingar sem nýtast geta öðrum skólum.</li> <li>- Þróa framsetningu lykilhæfni í áföngum, á námsbrautum og í öllu skólastarfi.</li> </ul>
11	<p>„Skýrsla um þróunarstarf KVE frá haustönn 2008 til 15. Febrúar 2010.“</p>	<p>Markmið verkefnisins er:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Að endurskoða allt námsframboð skólans með tilliti til nýrra laga um framhaldsskóla og rita nýja skólanámsskrá með það fyrir augum að skólastarfið verði betra og markvissara.</li> </ul> <p>Að gefa nemendum kost á sveigjanlegum námshraða.</p> <p>Nauðsynlegar breytingar í ljósi nýrra laga:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Aukin ábyrgð skóla á mótun inntaks og uppbyggingu námsframboðsins.</li> <li>- Aukið svigrúm til þróunar sérstöðu skóla.</li> <li>- Sniðmát greina og þræpaskipting námsins.</li> <li>- Lenging skólaársins um 5 daga.</li> <li>- Ný framhaldsskólalæining.</li> <li>- Kjarninn 45 framhaldsskólalæiningar að lágmarki.</li> <li>- Fræðsluskýlda til 18 ára aldurs.</li> <li>- Aukinn sveigjanleiki á mörkum skólastiga.</li> <li>- Greining tækiaera skólans og æskilegar brytingar í ljósi nýrra laga.</li> </ul>
12	<p>Erindisbréf MMR til Hitt og Þetta ehf vegna úttektar á þróunarverkefni KVE. (MMR10010549/6.14.3-). - Dags, 5. Mars 2010.</p>	<p>Leggja mat á stöðu og árangur þróunarverkefnis KVE sem hófst haustið 2008.</p> <p>Endurskoða allt námsframboð skólans m.t.t. nýrra laga, og þróun á útfærslu á nýjum námsbrautum og skólanámsskrá framhaldsskóla skv. Samningum verkefnið frá 2008 og 2009.</p> <p>Leggja mat á hvernig til hefur tekist með eftirfarandi vinnu:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Þróa útfærslu nýrrar framhaldsskólalæiningar</li> <li>- Prófa viðmið og sniðmát ráðuneytisins við uppsetningu brauta.</li> <li>- Þróa útfærslu áfangalýsinga m.t.t. <ul style="list-style-type: none"> <li>o Framsetningar hæfni, leikni, og þekkingarmarkmiða.</li> <li>o Mismunandi hæfniþrepa.</li> </ul> </li> <li>- Gera áfangalýsingar sem nýtast geta öðrum skólum.</li> <li>- Þróa framsetningu lykilhæfni í áföngum, á námsbrautum og í öllu skólastarfi.</li> <li>- Innleiðing kennslu skv. nýjum framhaldsskólalögum með sveigjanlegum</li> </ul>



		þriggja til fjögurra ára námstíma.
13	Vefsíða Kvennaskólans í Reykjavík	<a href="http://www.kvenno.is/">http://www.kvenno.is/</a>
14	Vefsíða MMR, Ný menntastefna	<a href="http://www.nymenntastefna.is/">http://www.nymenntastefna.is/</a> .
15	Vefsíða MMR, ræður og greinar ráðherra	<a href="http://www.menntamalaraduneyti.is/radherra/raedur/2009/11/03/nr/5185">http://www.menntamalaraduneyti.is/radherra/raedur/2009/11/03/nr/5185</a>



## Viðauki 2

### ÚTTEKT Á ÞRÓUNARVERKEFNI KVENNASKÓLANS Í REYKJAVÍK

#### VIÐTÖL

Nafn	Staða	Staður	Tími	Athugasemdir
Björg Pétursdóttir	Fulltrúi MMR, tengill	Mennta og menn. ráðuneyti	30.03.2010	
Ingibjörg Guðmundsdóttir	Skólameistari	Kvennaskólinn í Reykjavík	22.03.2010	
Ingibjörg Axelsdóttir	Verkefnisstjóri þróunarstarfs	Kvennaskólinn í Reykjavík	22.03.2010	
Oddný Hafberg	Aðstoðarskólameistari	Kvennaskólinn í Reykjavík	09.04.2010	Í frí til eftir páska
Þórður Kristinsson	Kennari, FÉL, SAG	Kvennaskólinn í Reykjavík	22.03.2010	
Björn Einar Árnason	Kennari, STÆ	Kvennaskólinn í Reykjavík	22.03.2010	
Elínborg Ragnarsdóttir	Kennari, ÍSL fagstjóri	Kvennaskólinn í Reykjavík	22.03.2010	
Marta Maria Árnadóttir	Nemandi 1FP, félagsvísindabr.	Kvennaskólinn í Reykjavík	23.03.2010	
Tryggvi Gylfason	Nemandi 1NA, náttúruvís.br.	Kvennaskólinn í Reykjavík	23.03.2010	